AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Hörðukór 2. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Hörðukór. Í breytingunni felst að umrædd lóð er stækkuð um 1.200 m^2, verður 3.600 m^2 í stað 2.400 m^2; afmörkun á byggingarreit er breytt og hann stækkaður, ráðgert gólffletarmál eykst úr 1.500 m^2 í um 3.000 m^2 og fjöldi íbúða í fyrirhuguðu sambýli verður 16 íbúðir í stað 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hörðukór 5. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 5 við Hörðukór. Í breytingunni felst að þaki hússins er lyft að hluta sem nemur 4.5 metrum; þakrýmið er nýtt sem hluti íbúða 10. hæðar; vegna landhalla á viðkomandi lóð og hæðarsetningu hússins ásamt bílgeymslu er bætt við jarðhæð með 3 íbúðum; íbúðum er fjölgað úr 40 í 44; hámarksflatarmál hússins eykst um 700 m^2 verður um 6.700 m^2 í stað 6.000 m^2; fyrirkomulag og fjöldi bílastæða breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skemmuvegur 2. BYKO Breiddinni. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 26. ágúst 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Skemmuveg 2. Í breytingunni felst að byggingarreitur Skemmuvegar 2 er stækkaður um 16 metra til norðurs og er áætluð stækkun grunnflatar 350 m^2. Fyrirkomulag bílastæða á lóð breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 5. janúar 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2005.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2005 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila, sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2005.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afraksturs eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir, sem falla undir reglur þessar, afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl.vegna tekjuársins 2005 er sem hér segir:

Mjólk	43 kr. hver lítri
Egg	260 kr. hvert kg
Kartöflur	33 kr. hvert kg
Rófur	65 kr. hvert kg
Lambakjöt	310 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé	275 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé	130 kr. hvert kg
Ungnautakjöt	330 kr. hvert kg
Annað kjöt af nautgripum	225 kr. hvert kg
Folaldakjöt	200 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum	80 kr. hvert kg
Grísakjöt	205 kr. hvert kg
Annað svínakjöt	85 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir	415 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt	220 kr. hvert kg
Fiskur	200 kr. hvert kg

Fjármálaráðuneytinu, 6. janúar 2005.

Geir H. Haarde.

Maríanna Jónasdóttir.

Nr. 21 3. janúar 2005

REGLUGERÐ

um vátryggingar björgunarsveita.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi tekur til vátryggingarskyldu björgunarsveita sem starfa samkvæmt lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn nr. 43/2003 með síðari breytingum.

Vátryggingar samkvæmt reglugerð þessari skulu taka til tjóns sem verður við björgun, leit og gæslu, sem og önnur störf sem björgunarsveitum eru falin með lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða leiða af venju. Vátryggingar skulu einnig taka til tjóns sem björgunarsveitarmenn, þar á meðal þeir sem enn hafa ekki lokið þjálfun björgunarsveitarmanna, verða fyrir eða valda við björgunaræfingar eða aðra þjálfun björgunarsveitarmanna á vegum björgunarsveita.